

# Breiðholtsblaðið

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin  
á lyfjaval.is

Veldu að sækja í  
næsta apótek eða  
fáðu sent heim.

Lyfjaval

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is og mbl.is

SEPTEMBER 2022

9. tbl. 29. árg.

## Vertu tilbúin/n þegar draumaeignin kemur í sölu

Skráðu eignina til sölu hjá mér. Ég sendi atvinnuljósmyndara að taka myndir þér að kostnaðarlausu.

Ég geri allt klárt og þegar draumaeignin kemur í sölu þá setjum við þína eign í sölu og höldum opið hús áður en opna húsið í draumaeigninni er haldið.

Ef þú færð ekki draumaeignina þá greiðir þú ekkert.



Frítt verómat!

ÞORLÁKUR  
S: 699 4675  
thorlatur@fastlind.is

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
fastlind.is | njaribudir.is

## Fjör í Mjóddinni 2. september



Margir lögðu leið sína í fjörið í Mjóddinni.  
Mynd: Jóhannes Guðlaugsson.

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Ilmi Dögg Gísladóttur  
forstöðumann  
Gerðubergs

Suðurmiðstöð (áður Þjónustumiðstöð Breiðholts), hélt í samstarfi við íþrótt- og frístundaaðila Breiðholts, skemmtilegan dag 2. september síðastliðinn. Öllum aðilum sem bjóða upp á íþrótt- og frístundastarf í Breiðholti bauðst að vera með kynningar á starfi sínu í göngugötunni í Mjódd auk þess sem Pepp var að kynna nýjan markað á fatnaði og búnaði sem verður til skipta frítt hjá þeim í Arnarbakkanum.

Lang flestir sem bjóða upp á starf mættu og nýttu vel til að kynna starfið og einnig til að taka niður skráningar. Fulltrúar úr hópnunum Sendiherrar í Breiðholti voru til aðstoðar til að túlka og hjálpa þeim sem þurftu en einnig

til að útskýra fyrir fólki af erlendum uppruna gildi þess að börn og unglingar taki þátt í íþrótt- og frístundastarfi, sem er mikilvægt. Götubiti Rvk Streetfood mættu einnig á staðinn sem gerði það að verkum að fleiri mættu á þessum tíma, milli 17.00 og 19:30, sem var kjörið fyrir marga til að afgreiða kvöldmatinn á föstudegi. Milli 150 og 200 einstaklingar mættu á þessum tíma sem var frábært því flestir voru að skoða það sem er í boða og margir skráðu börnin sín til þátttöku. Er þetta eitt af fjölmörgu sem verkefnið Frístundir í Breiðholti vill leggja fram til að fjölga þátttakendum í Breiðholti í íþrótt- og frístundastarfi.

*Fleiri myndir frá fjörinu í Mjódd eru á bls 8.*

## Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

## VIÐ BREIÐHOLTID



**OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:**  
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:  
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

# Iceland

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.  
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171  
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904  
Netfang: thordingimars@gmail.com  
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298  
Heimasíða: borgarblod.is  
Netfang: borgarblod@simnet.is  
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson  
Umbrot: Valur Kristjánsson  
Prentun: Landsprent ehf.  
Dreifing: Póstdreifing ehf.  
9. tbl. 29. árgangur  
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Gerðuberg menningarmiðstöð

Gerðuberg var opnað 1983. Það er fyrsta menningarhúsið sem opnað var í Reykjavík og raunar það eina þar til starfsemi Borgarbókasafnsins var færð til fjölþættari menningar en útlána á bókum.

Þegar Gerðuberg hóf starfsemi var rekstur hússins nánast eins og óskrifað blað. Undir forystu Elísabetar Þórisdóttur var smám saman þróað öflugt menningarstarf. Síðar komu aðrir að. Borgarbókasafnið varð strax hluti af starfsemi hússins og styrkti starf þess.

Félagsstarfi heldri borgara var fljótt fundin samastaður í Gerðubergi og þar hændi Guðrún Jónsdóttir þennan aldurshóp til sín með margvíslegum tilboðum um mannleg samskipti. Þessar konur unnu þarft brautryðjendastarf sem aðrir tóku síðan við.

Kaffihús var snemma opnað í Gerðubergi en átti lengi erfitt Kuppdráttar. Allt til að Evelin Rodriguez tók við rekstri þess og sameinaði matarmenningu frá Dominíkanska lýðveldinu íslenskum matarhefðum og venjum. Hún hefir náð frábærum árangri.

Í þessu tölublaði er rætt við Ilmi Dögg Gísladóttur núverandi forstöðumann Gerðubergs. Hún er kynnt fyrir Breiðhýltingum og með henni er farið yfir fjölbreytileika þess sem verður á döfinni í Gerðubergi á komandi vetri.

Full ástæða er til að hvetja Breiðholtsbúa og aðra til þess að nýta sér hvað er í boði í Gerðubergi. Einkum er ástæða til þess að hvetja foreldra og ungt fólk til þess að kynna sér starfið og nýta.

Félagsstarfið er á sínum stað og er að eflast að nýju eftir tíma samkomutakmarkana. Kaffihúsið er jafnan fullt um hádegissbil en mætti vera það lengur fram efir degi. Þar er perla í Breiðholti.

Breiðhýltingar eru ríkir af að eiga Gerðuberg. Aldrei verður góð vísa of oft kveðin segir gamalt spakmæli. Þessi orð eru að sönnu þegar Gerðuberg menningarmiðstöð í Breiðholti er til umræðu.

## Framkvæmdir hefjast við Vetrargarðinn



Skíðabrekka efst í Seljahverfinu þar sem vetrargarðurinn á að koma.

**Brátt muni hefjast framkvæmdir við Vetrargarð sem byggja á efst í Seljahverfi í Breiðholti. Ætlunin er að þar verði hægt að skipuleggja alls kyns íþróttamót og aðra viðburði allan ársins hring. Þetta svæði hefur verið vinsælt hjá ungum sem öldnum á veturna.**

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur hefur samþykkt umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds frá 8. júlí sl., um

framkvæmdaleyfi. Leyfið felst í móttöku á jarðvegi og mótun skíðabrekka og lands innan svæðisins. Jarðvegur verður fluttur á svæðið á tímabilinu september til október 2022 og til loka júní 2023. Vegagerðin setur það skilyrði að yfirborðið á því svæði þar sem nýr og óhulinn jarðvegur verði rykbundið.

## Fjölskyldumiðstöðin Gerðubergi

### Nágrannavarsla í Breiðholti – fyrirhugaður upplýsingafundur með íbúum og lögreglu 28. september, kl. 17:00.

Aldrei erum við of oft minnt á mikilvægi aðgæslu og forvarna gagnvart heimilum okkar og eigum, hvort sem við erum heima eða að heiman. Við þurfum raunar alltaf að sýna aðgát. Það hefur sýnt sig að virk nágrannavarsla er góð leið til að sporna við innbrotum, þjófnumum og skemmdarverkum af ýmsu tagi.

Nágrannavarsla hefur verið við lýði víða í Breiðholti frá árinu 2006. Um er að ræða samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og lögreglu, þar sem markmiðið er að fá íbúa viðkomandi götu eða fjölbýlishúss til að taka höndum saman í þeim tilgangi að sporna gegn afbrotum og eignatjóni, sem að sama skapi stuðlar að samheldni fólks og öruggara umhverfi. Íbúar verða má segja eftirlitsaðilar í sínu nærumhverfi og hafa auga með umferð og umgengni. Það getur verið hughreystandi, ef til stendur að fara að heiman um tíma, að geta leitað til góðra granna og beðið þá um að líta til með heimilinu.

### Sækja þarf sérstaklega um nágrannavörslu – gott að fá leiðbeiningar

Þegar sótt er um nágrannavörslufer ákveðið ferli fer í gang (sjá vefsíðu okkar <https://reykjavik.is/nagrannavarsla-i-breidholti>). Íbúar viðkomandi götu sameinast um að skrifa undir þátttökubeiðni og tilnefna götustjóra. Þegar umsókn er komin í gegn, eru sett upp þar til gerð skilti í götuna og íbúum afhentir límmiðar á gluggarúður. Tekið er við umsóknum í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi. Starfsmenn Fjölskyldumiðstöðvarinnar geta veitt frekari upplýsingar í síma 411 6196.

### Fundur um nágrannavörslu í Fjölskyldumiðstöðinni 28. september nk.

Áhugi hefur verið fyrir því að efla nágrannavörslu hér í Breiðholti og lengi staðið til að fá lögregluna til liðs við okkur og halda upplýsinga- og ráðgjafarfund með íbúum, en covid-19 faraldurinn setti strik í reikninginn. Nú er tíminn kominn og blásið verður til fundar í Fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi (á neðri hæð bókasafnsins) miðvikudaginn 28. september næstkomandi, kl. 17:00. Vonast er til að sem allra flestir mæti, bæði götustjórar, þeir sem fyrirhuga umsóknir svo og aðrir áhugasamir íbúar um nágrannavörslu hér í Breiðholti. Verið öll velkomin.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á [appotek.is](http://appotek.is)  
eða í síma 568 0990

**Garðs Apótek - í yfir 60 ár**

Sogavegi við Réttarholtsveg  
Opíð 9-18 virka daga.

# Fjölbreytt helgihald og safnaðarstarf í kirkjunum í Breiðholti í vetur



## Fella- og Hólakirkja

www.fellaogholakirkja.is  
Sími 5573280

### Sunnudagar

**Messa, barnastarf og kvöldverður kl. 17**  
Samvera fyrir alla fjölskylduna.  
Eftir messuna og barnastarfið er boðið  
upp á léttan kvöldverð.

### Þriðjudagar

#### Kyrrðarstund kl. 12

Léttur hádegisverður að stundinni lokinni

#### Opið hús fyrir eldri borgara kl. 13

Hefst með kyrrðarstund og hádegisverði kl. 12.  
Dagskráin er fjölbreytt og fáum við oft góða  
gesti til okkar. Umsjón með samverunum  
hefur Steinunn Þorbergsdóttir,  
djákni ásamt prestum kirkjunnar.

### Miðvikudagar

#### Fermingarfræðsla kl. 15

Fermingarfræðslan er hafin, skráning fer  
fram á [www.fellaogholakirkja.is](http://www.fellaogholakirkja.is)

### Fimmtudagar

#### Vinadeild KFUM og KFUK fyrir 6-9 ára börn kl. 16 - 17.30

Skemmtilegt og gefandi barnastarf fyrir  
hressa krakka. Þátttaka er ókeypis.

#### Leikjafjör KFUM og KFUK fyrir 10-12 ára börn kl. 16-17.30

Hópeflandi leikir og uppbyggileg verkefni.  
Þátttaka er ókeypis.

#### Unglingastarf fyrir ungmenni í 8.-10. bekk kl. 20-21.30.

Þar er farið í ýmsa skemmtilega leiki  
og slegið á léttu strengi.

### Föstudagar

#### Foreldramorgnar kl. 10

Verða í vetur á föstudagsmorgnum frá kl. 10-12.  
Boðið verður upp á léttar veitingar og  
fræðandi erindi frá góðum gestum.

#### Karlakaffi kl. 10

Síðasta föstudag í mánuði er karlakaffi  
í kirkjunni kl. 10-11:30. Þá fáum við til okkar  
góða gesti sem segja frá lífshlaupi sínu og  
öðrum hugðarefnum. Í karlakaffi  
er alltaf heitt á könnunni og  
rjúkandi vínarbrauð.  
Þann 30. september n.k. verður  
Bogi Ágústsson, fréttamaður,  
gestur samverunnar.



## Breiðholtskirkja

www.breidholtskirkja.is  
Sími 5871500

### Sunnudagar

#### Messa kl. 11

Guðsþjónustur alla sunnudaga nema  
síðasta sunnudag í mánuði.

#### International Church service at 14 o'clock

Services in English are every Sunday  
except the last Sunday of the month.

### Þriðjudagar

#### Fermingarfræðsla kl. 15

Fermingarfræðslan er hafin, skráning  
fer fram á [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)

### Miðvikudagar

#### Kyrrðarstund kl. 12

Léttur hádegisverður að stundinni lokinni

#### Opið hús fyrir eldri borgara kl. 13

Glens, gleði og lífsins alvara í fyrirrúmi.  
Steinunn Þorbergsdóttir djákni,  
Valgerður Guðmundsdóttir, Emilía  
Svavarsdóttir, húsmóðir kirkjunnar  
og sr. Magnús Björn Björnsson hafa  
umsjón með samverunum.

#### Vinadeild KFUM og KFUK fyrir 6-9 ára börn kl. 16 - 17.30

Skemmtilegt og gefandi barnastarf fyrir  
hressa krakka. Þátttaka er ókeypis.

#### Leikjafjör KFUM og KFUK fyrir 10-12 ára börn kl. 16-17.30

Hópeflandi leikir og uppbyggileg verkefni.  
Þátttaka er ókeypis.

### Fimmtudagar

#### Foreldramorgnar á fimmtudögum frá kl. 10-12.

Fyrsta samvera 29. sept.

#### Unglingastarf fyrir ungmenni í 8.-10. bekk kl. 20-21.30.

Þar er farið í ýmsa skemmtilega leiki  
og slegið á léttu strengi.



## Seljakirkja

www.seljakirkja.is  
Sími 5670110

### Sunnudagar

#### Barnaguðsþjónusta kl. 11:00

Sögur, söngur og gleði. Gæðastund fyrir alla fjölskylduna.  
Ávaxta og litastund í lokin.

#### Guðsþjónusta kl. 13:00

Guðsþjónustur alla sunnudaga.  
Kaffi og með því eftir guðsþjónustu.

### Mánudagar

#### TTT-Barnastarf fyrir 5.-7. bekk kl. 14:45-15:45

Leikir, fjör og skemmtun. Allir velkomnir og þátttaka er ókeypis.

#### Barnakór 1.-4. bekkur kl. 14:15-15:15

Skemmtilegt kórastarf fyrir alla krakka sem hafa gaman af söng.

#### Kóræfing hjá Kirkjukór Seljakirkju kl. 19

Organisti kirkjunnar stjórnar kóræfingum. Söngelskir velkomnir.

### Þriðjudagar

#### Fermingarfræðsla kl. 15:10

Fermingarfræðslan er hafin, skráning fer fram á [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

#### Mennigarvaka eldri borgara kl. 18:00 (síðasta þriðjudag í mánuði)

Ýmsir fyrirlestrar og skemmtiatriði. Kvöldverður að stund lokinni.

#### Kvenfélagsfudur Kvenfélags Seljasóknar kl. 18:00

#### (fyrsta þriðjudag í mánuði)

Fundaefni eru fjölbreytt með fræðslu,  
skemmtun og námskeiðahaldi.

### Miðvikudagar

#### Opið hús kl. 10:30

Allir hjartanlega velkomnir í kaffi og spjall.

#### Fermingarfræðsla kl. 15:10

Fermingarfræðslan er hafin, skráning fer fram á [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

#### Barnakór 5.-10. Bekkur kl. 16:00-17:00

Skemmtilegt kórastarf fyrir alla krakka sem hafa gaman af söng.

### Fimmtudagar

#### Helgistund í Árskógum kl. 10:30

Prestar Seljakirkju annast stundina.

#### Fyrirbænastrund kl. 12:00

Prestar kirkjunnar halda stundirnar.  
Léttur hádegisverður í boði í lokin.

#### Fermingarfræðsla kl. 15:10

Fermingarfræðslan er hafin, skráning fer fram á [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

#### STN-Barnastarf fyrir 1.-4. bekk kl. 16:15-17:00

Leikir, fjör og skemmtun. Allir velkomnir og þátttaka er ókeypis.

Æskulýðsfélagið SELA fyrir 8.-10. bekk kl. 19:30-21:30  
Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá. Mikið fjör fyrir hressa unglínga.

### Föstudagar

Guðsþjónusta í Seljahlíð kl. 11 (síðasta föstudag í mánuði)  
Prestar Seljakirkju leiða stundina, félagar úr Gerðubergskórnum  
leiða sönginn og á orgelið leikur organistinn Kári Friðriksson.

## VIÐTALIÐ

# Öflugt og fjölbreytt starf í Gerðubergi í vetur

- segir Ilmur Dögg Gísladóttir forstöðumaður

**M**argt verður á dagskrá í Menningarhúsinu Gerðubergi í vetur. Starfsemin er komin á fulla ferð eftir lægð covid tímabilsins. Full ástæða er til þess fyrir Breiðholtsbúa og raunar aðra til þess að kynna sér hvað fram undan er. Dagskrá Gerðubergs er sniðin að þörfum flestra. Öflugt barna og ungmennastarf er í boði og einnig viðburðir á ýmsum tungumálum sem ekki síst eru ætlaðir fólki sem á sér annað móðurmál en íslensku. Ilmur Dögg Gísladóttir veitir Gerðubergi Menningarhúsi forstöðu í dag og settist hún niður með Breiðholtsblaðinu til að fara yfir og fjalla um það fjölbreytta starf sem er í boði.

Áður en lengra er haldið má spyrja. Hvaðan kemur Ilmur. Hún Hafnarfirðingur og bjó þar til nítján ára aldurs. Hún á bakgrunn sinn í bókmenntum og bókmenntafræði þar sem hún lauk BA prófi. „Ég er einnig með masterspróf í menningarmiðlun frá Háskóla Íslands og hef einkum starfað að menningartengdum málefnum frá því að ég lauk námi. Áður en ég kom hingað var ég við störf hjá Listaháskóla Íslands og þar áður var ég um sjö ára skeið í Norræna húsinu.“ Hvað kom til að hún sóttist eftir að starfa í Gerðubergi. „Ég sá þetta starf auglýst og hugsaði að þetta væri spennandi starfs- vettvangur. Auk bókasafnsins er um að ræða skipulagningu fjölda viðburða þar sem sjónum er beint að íbúum í Breiðholt sem öðrum. Þótt Gerðuberg sé staðsett í miðju Fell- og Hólhverfinu þá miðast starfsemi þess við að ná til sem flestra utan og innan viðkomandi byggðar líkt og um aðrar starfstöðvar Borgarbókasafnsins. Þrátt fyrir það er augun ekki síst beint að nánara umhverfi - að Breiðholtinu og ýmsir viðburðir sem stofnað er til eru miðaðir við að fólk úr nærliggjandi byggð sæki þá.“

### Sjónum er beint að yngra fólki

Ilmur segir að sjónum sé ekki síst beint að yngra fólki. „Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna OKið. Í OKinu er hægt að læra, skapa, fíkta, eiga í samtali og einfaldlega hanga. OKinu hefur verið tekið mjög vel þótt starfsemi þess takmarkaðist á tíma covid. Nú er allt komið á fullt að nýju og ég vil hvetja kennara og starfsmenn frístunda- og félagsmiðstöðva til að notfæra sér OKið til eigin nota, bæði til kennslu og einnig leik. Ungmenni sem vilja koma á eigin vegum geta bókað rýmið og fengið aðstoð við að láta drauma sína verða að veruleika.“ Ilmur segir margt vera í boði. „Það sem við köllum verkstæði er lögð áhersla á fikt og sköpun fyrir yngri kynslóðina og eru ýmis spennandi töl á staðnum. Þar má nefna þrívíddarprentara, barmmerkjavél, vínyskera og saumavélar. Tölvu-notkun er ókeypis og einnig er hægt er að koma sér vel fyrir og lesa dagblöð, tímarit eða annað efni. Notendur geta fengið að ljósrita, prenta eða skanna gögn gegn vægu gjaldi. Ég vil endilega nota tækifærið til þess að hvetja krakka og unglínga í Breiðholti til að koma og notfæra



Ilmur Dögg Gísladóttir forstöðumaður Gerðubergs menningarhúss.

sér það sem OKið hefur upp á að bjóða. Þar er nánast endalaust hægt að finna sér viðfangsefni.“

### Klúbbastarf, aðstoð við heimanám og margt fleira

Ilmur segir margvíslegt klúbbastarf sé í boði í Gerðubergi. Einnig megi nefna aðstoð við heimanám á tímabilinu frá október til apríl í OKinu eru t.d. borðspil, myndasögur og bókmenntir fyrir ungt fólk. „Rýmið er opið á opnunartíma hússins. Klúbbastarfið er hins vegar bara fyrir ungmenni og er það auglýst sérstaklega á vefsíðunni okkar. Meðal klúbba eru Anime

klúbburinn sem er skipulagður með Íslenska myndasögufélaginu. Stranger things klúbbur er til staðar og svo er hægt að koma og prófa sig áfram í græjunum okkar á fiktögum annan hvern þriðjudag.“

### Foreldramorgnar óháðir tungumáli

Annað sem Ilmur vill vekja sérstaka athygli á eru foreldramorgnar sem eru fyrir alla foreldra óháð tungumáli. Gæða samverustundir fyrir fjölskyldur barna á leikskólaaldri þar sem blandað er saman tónlist, sögum og leik. Þessar stundir kallast Memmm

og eru einskonar opinn leikskóli og fara fram á miðvikudögum. „Þetta starf hófst í mars 2020 þegar samkomubannið vegna Covid skall á. Þá stóðu leikskólar landsins skyndilega uppi með framandi skipulag sem þeir urðu að spila af fingrum fram. Þær vinkonur Birta og Imma upplifðu þá vissst tómarúm sem varð til þess að þær urðu að endurhugsa starfið og finna leiðir til að viðhalda neistanum. Þær voru vanar að fara með sögustundir og söngstundir á milli milli deilda og fundu við þessar aðstæður ríka þörf fyrir að viðhalda tengslunum við öll þau börn sem þær voru ekki að sjá vikum saman. Þannig

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
**VELKOMIN**

**Mjóddin**



Birta og Imma hafa séð Gerðubergi fyrir efni fyrir yngsta fólkið.



Embla Vigfúsdóttir, Svanhildur Halla Haraldsdóttir, Ilmur Dögg Gísladóttir og Rán Flygenring, Tilefnið myndarinnar var opnun á sýningunni „Heimsókn til Vigðisar“.

varð hugmyndin til um að nýta þá daga sem ekki var starfað í leikskólanum til að búa til þætti með samverustundum. Þær voru síðan settir á You tube undir nafninu Birtu- og Immustund.“

**Eitthvað fyrir sem flesta**

Ilmur segir að starfsemin í OKinu og klúbbastarfið sé fyrir alla sama af hvað uppruna þeir eru. Engu að síður þurfi að huga sérstaklega að fólki og þá einkum krökkum sem eigi sér annað móðurmál en íslensku. „Við erum með sögustundir fyrir börn á arabísku. Oussama Mabrouk les skemmtilegar barnasögur á arabísku og stundum er föndrað, hlustað á tónlist, sungið og fleira skemmtilegt. Nú í haust ætlum við að bjóða upp á sögustundir á filippínsku, pólsku og spænsku. Við erum einnig með viðburði sem heitir Spilað og spjallað. Þeir er hugsaðir fyrir fólk sem er að æfa sig í að tala íslensku. Þá má geta þess

að Hrekkjavakan verður á sínum stað. Þá verða skori út út í grasker og horft á „hræðilegar hryllingsmyndir“ með Önnu Worthington De Matos frá Munasafninu RVK Tool Library. Grasker verða á staðnum og verkfæri. einnig úrval D mynda og gotterí verður á staðnum. Skráning mikilvæg til að hægt verðu að áætla fjölda graskerja.

**Kristinn R. Ólafsson kynnr nýja bók**

Ilmur segir mikinn áhuga fyrir spænsku. Bæði á meðal Íslendinga sem lært hafi málið eða séu að læra það og þeirra sem eru tengdir því með öðrum hætti. Spænskan verði ekki út undan því Kristinn R. Ólafsson, rithöfundur, fararstjóri og fyrrverandi fréttaritari Ríkisútvarpsins í Madríd til margra ára mun heimsækja Gerðuberg og kynna nýja bók sína. „Bókin heitir „Þeir líta aldrei undan“ og

er smágagnabók. Bókin er sérstök að því leyti að hún er á tveimur tungumálum. Skrifuð bæði á íslensku og spænsku. Eins og þeir þekkja sem hlýddu á fréttapistla Kristins í Ríkisútvarpinu er hann með afbrigðum frásagnaglaður og orðhagur. Öllum er velkomið að taka þátt en viðburðurinn sem ætlaður öllum sem hafa áhuga og fer fram á spænsku. Bókasafnið býður upp á kaffi og te á meðan erindið stendur yfir.“

**Fræðakaffi um ólíka menningu**

“Eitt af því sem mig langar að nefna er fræðakaffi. Næsti viðburður af þeim toga verður miðvikudagur 19. október n.k. Þar verður kafað í undirdjúp kóreskrar menningar og fá dæmi um K-drama sem hægt er að horfa á á streymisveitum, hvaða tónlist trónir á toppnum í K-poppinu og hvaða skáldsögur

við getum sokkið ofan í til að komast nær þessu fjarlægja landi en nálæga menningarheimi. Þessi viðburður mun fara fram á ensku og umsjónarfólk verður Park Hye Joung sem er upprunninn frá Suður-Kóreu en hefur búið á Íslandi af og til frá árinu 1997 og Hye Joung sem er listakona og kennir við Myndlistaskóla Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands ásamt að vinna að stúdíó verkefnum. Þá má nefna Choi Kyoung Eun sem er fædd og uppalin í Suður-Kóreu og útskrifaðist sem Jazz söngkona hjá The Royal Conservatory of The Hague. Þar kynntist hún eiginmanni sínum og kom til Íslands. Hún er sérstök áhugakona um K-drömu og tónlist og hafa þau verið henni innan handar fjarri heimalandi sínu. Hún er spennt að fá að deila þessum áhuga með ykkur. Greta Vazhko tekur einnig þátt í þessum viðburði. Hún er frá Litháen en hefur búið í Suður-Kóreu sl. tvö ár. Hún

lærði tæknibrellur og stafrænt efni. Í augnablikinu býr hún á Íslandi og starfar sem grafískur hönnuður og markaðsstjóri ásamt því að vera mikil áhugamanneskja um kúltúr og góðan mat.“

**Íslensk skáld og ljóðahöfundar**

Að lifa og deyja í ljóði verður miðvikudaginn 12. október n.k. Þar munu Anton Helgi Jónsson Hrafnhildur Hagalín og Alda Björk Valdimarsdóttir mæta á fyrstu Kveikju haustsins með ljóðlegan eld í farteskinu og fjalla um innblástur og efnivið í nýlegum ljóðabókum sínum. Þau munu svara spurningum um kveikjur og flytja brot úr nýjustu verkum sínum sem komu út fyrir á þessu ári. Rit- og sjónþing voru ein af aðalmerkjum Gerðubergs á fyrri árum. Þar komu bæði höfundar og myndlistarmenn og rættu við gesti um líf sitt og verk. Ritþingin eru enn á dagskrá og verður næsta ritþing á vordögum.

**Handverkskaffið ómissandi**

Að lokum má ekki gleyma Handverkskaffinu. Fyrsti viðburður haustsins fór fram 28. september. Þar var fjallað um leyniprónið sem virkar þannig að hluti þrjónauppskriftarinnar er birtur í hverri viku í fjórar vikur alls. „Allir þátttakendur þrjóna eftir sömu uppskrift, þeir vita hvað þeir eru að þrjóna og hve margir litir eru, en ekki hvernig verkið kemur til með líta út fyrir en því er lokið. Að raða saman og velja liti í þrjónaverkefni er áhugamál út af fyrir sig sem kallar oft á miklar vangaveitur og er oft alveg jafn skemmtilegt og að þrjóna sjálfa uppskriftina,“ segir Ilmur Dögg.

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson hdl. og löggiltir fasteignasalar



Fasteignasalan  
**Miklaborg**

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000  
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

## Leysa þarf vandamál á Breiðholtsbraut



Pung umferð er á Breiðholtsbrautinni á álagstímum.

Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi segir að ástandið á Breiðholtsbrautinni sé verulega slæmt. Spottinn á milli Jafnasels og Suðurlandsvegjar ætti að sjálfsgöðu að vera tvöfaldur eins og Breiðholtsbrautin neðar. „Þegar brautin verður einbreið stöðvast öll umferð því þá þarf sífellt verið að hleypa inn bílum af endaðri akrein. Þessi stífla kemur niður á öllum bílum sem staddir eru á brautinni alveg niður að Mjódd. Tvöföldun á Breiðholtsbrautinni ætti að vera í algjörum forgangi. Ástandið þarna bitnar á mörgum íbúum Breiðholts,“ segir Kolbrún.

Kolbrún hefur lagt til í umhverfis- og skipulagsráði að tafarlaust verði leyst úr umferðarvandamáli á Breiðholtsbraut. Skoða þurfi ljósastryngu og losa um þá hindrun sem veldur því að bílar sitja fastir í brautinni meira og minna. Hún segir einu eðlilegu framkvæmdina á þessu svæði sé að tvöfalda Breiðholtsbrautina frá Jafnaseli að Rauðavatni en það gerist ekki á einni nóttu. Leysa þurfi þetta mál nú þegar. Um hálf tíma taki fyrir bíl að fara upp brautina á annatíma og er ekki við það unað. „Í ljósi þessa ástands er rangt að leggja áherslu á að greiða leið inn á einfalda Breiðholtsbrautina frá Kópavogi, með Arnarnesvegi. Áhersluna á að leggja á tvöföldun Breiðholtsbrautar,“ segir Kolbrún.

# Íbúðakjarni fyrir fatlaða við Hagasel

Félagsbústaðir afhentu velferðarsviði á dögum íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Hagaseli í Breiðholti. Íbúðakjarninn er í svansvottunarferli og er fyrsta fjölbýlishúsið sem Félagbústaðir byggja af því tagi. Þar munu sjö fatlaðir einstaklingar eiga heimili. Íbúarnir fá stuðning starfsfólks velferðarsviðs sem hefur aðsetur í einni íbúð í húsinu.

Fjölbýlishúsið að Hagaseli er afar fallegt timburhús á tveimur hæðum. Sérinnangangur er að hverri íbúð sem er um 70 fermetrar, með fallegum innréttingum og náttúrulegum kork á gólfum. Húsið er fallega staðsett í götunni og frá því liggja fallegar gönguleiðir að nærliggjandi tjörn og grónu opnu svæði. Litlar svalir eru á efri hæð og lítil verönd framan við íbúðir á jarðhæð. Garðurinn er sameiginlegur og gert ráð fyrir að þar sé hægt að rækta grænmeti. Við athöfnina afhenti Álfheiður Hafsteinsdóttir, forstöðumaður í Hagaseli, íbúum lykla að sínum íbúðum og í framhaldinu gafst viðstöddum kostur á að skoða hverja og eina þeirra. „Hversu heppinn er maður í lífinu að fá að vinna í svona fallegu húsnæði og kynnast þessu frábæra fólki sem er að fara að flytja hingað? Ég held að það verði svakalega gott að búa hérna,“ sagði Álfheiður. Það var ekki annað að sjá og heyra á íbúum en að þeim litist mjög vel á ný heimili en þeir munu flytja inn um miðjan næsta mánuð.



Íbúðakjarninn samanstendur af timburhúsum á tveimur hæðum.



Aldís Ósk Diego tók við lyklunum úr hendi Álfheiðar Hafsteinsdóttur forstöðumanns.

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

**Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms býður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.**

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólánámskeið
- Meiraprófnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfifishafanámskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10-17 alla daga.

# Stærsta dekkjaverkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.  
Eitt fullkomnasta  
hjólbarðaverkstæði landsins.  
Tímamantanir á nesdekk.is



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn  
og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

# Margt að gerast í félagsstarfinu í Árskógum



Nóg að gera í smíðastofunni í Árskógum.

Vissir þú að í hverfinu þínu er Félagssmiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar sem allir mega sækja? Í Félagssstarfinu Árskógum 4, er opið starf á virkum dögum sem býður upp á margvíslegar tómstundir og félagsstarf sem gæti hentað þér. Starfið er fyrir fullorðna átján ára og eldri og er valdefling og vinna á lýðræðisgrunni í fyrirrumi hjá okkur.

Við viljum að notendur móti starfið en ekki öfugt. Ert þú t.d. með hugmynd að tómstund eða hópstarfi en vantar aðstöðu? Komdu og ræddu við okkur eða heyrðu í okkur í síma og við sjáum hvað við getum gert. Þú getur alltaf fylgst með okkur á Fésbókinni en við erum með öflugra síðu þar sem alltaf er hægt að sjá hvað er í boði. Við bjóðum upp á flotta smíðastofu með leiðbeinanda þar sem hægt er að gera allt mögulegt s.s. útskurð, smíði, laga hluti og pappamódel en hægt er að búa til alls konar úr bókbandspappa eins og t.d. öskjur, hús og fleira. Við erum með hressa tíma í léttum zumbadansi þar sem ríkir gleði og fjör ásamt ýmsa aðra hreyfingu og samsöng svo eitthvað sé nefnt.

Kíktu við eða heyrðu í okkur í síma 411-2600, það er einnig hægt að senda tölvupóst á [arskogar4@reykjavik.is](mailto:arskogar4@reykjavik.is)

Þú ert hjartanlega velkomin, starfsfólk Félagssstarfsins Árskógum 4.



Áhugamálin eru mörg. Einn að gera upp orgel í aðstöðunni sem er í boði í Árskógum.

# Fjör í Mjóddinni

Milli 150 og 200 einstaklingar mættu í Mjóddina sem var frábært því flestir voru að skoða það sem er í boða og margir skráðu börnin sín til þátttöku í íþrótt- og félagsstarfi.



Allskyns góðgæti var á boðstólum í Mjóddinni.

Meðfylgjandi myndir voru teknar við það tækifæri. Myndir: Jóhannes Guðlaugsson.



Fólk settist niður. Krakkar fóru í útileiki og aðrir spjölluðuð saman.



Margt var um manninn í göngugötunni. Sumir stóðu lengi við og aðrir komu og fóru eins og gengur.



Fólk af ýmsum þjóðernum var mætt á svæðið. Hér spjallar María Sastre við ungan Breiðholtsbúa. María er ættuð frá Spáni og hefur búið árum saman í Breiðholtinu.



Stúlkur frá Dansgarðinum kynntu starfsemi.



María Sastre og fleiri voru mættar fyrir Samtök um tvítungdi.

## OKKAR FRAMTÍÐ-BETRA BREIÐHOLT

**Kæru Breiðholtsbúar !**

**Ég býð ykkur alla velkomna**

**til skrafs og ráðagerða að**

**Álfabakka 14a, 3 hæð**

**6 og 20 október 2022**

**klukkan 17.00-19.00 í**

**félagsheimili**

**Sjálfstæðismanna, Mjóddinni.**



**HELGI ÁSS GRÉTARSSON**

**BORGARFULLTRÚI OG Í STJÓRN  
ÍBÚARÁÐS BREIÐHOLTS**



# Þessi saga á erindi út um allt

- segir Magdalena Mejia sem hefur skrjáð baráttusögu Minervu Mirabal

Magdalena Mejia kemur frá Dóminíska lýðveldinu en hefur búið hér á landi í 27 ár. Hún kemur úr stórrí fjölskyldu í heimalandinu þar sem hún var alin upp í dreifbýli. Hún sótti sér menntun og nám lögfræði sem hún starfaði nokkuð við ásamt blaðamennsku áður en leið hennar lá hingað á norrænni og kaldari slóðir. Hún segir ástina hafa dregið sig hingað til lands en sambýlismaður hennar í um tvo áratugi og barnsaðir er íslenskur. Dóttir hennar er hjúkrunarfræðingur og starfar á hjartadeild en sonurinn er enn í framhaldsskóla. Hún hvarf ekki af landi brott eftir sambandslit við eiginmann og hefur fengist við eitt og annað hér á landi. Breiðholtsblaðið settist með henni hjá samlanda hennar Evelin Rodrigues á Cosina Rodrigues eða Kaffi 111 í Gerðubergi þar sem hún aðstoðar vinkonu sína við reksturinn öðru hvoru.


Magdalena hefur ekki getað starfað sem lögfræðingur hér á landi. Til þess hefði hún þurft að fara í gegnum hluta lögnáms að nýju. Umtalsverður munur er á lögum og lagaumhverfi í Dóminíska lýðveldinu og hér á landi. Hún átti ekki greiðan aðgang að laganámi við Háskóla Íslands en segir að tilkoma Háskólans í Reykjavík hafi breytt miklu fyrir útlendinga sem vilja hefja eða framhalda háskólanámi hér á landi. Hún ákvað að skrá sig í íslensku í Háskóla Íslands til að læra annað tungumál en fór síðan í BA nám og síðar MA nám í spænsku. Afrakstur spænskunámsins er nú að líta dagsins ljós. Þessa dagana er að koma út bók eftir hana sem byggir á lokaritgerð hennar. Það leitar hún í sjóði sögu heimalands síns. Bókin heitir "Entre Minerva Mirabal, Tú y Yo ...lecciones de una heroína dominicana para la mujer de hoy".

Hún fjallar sérstaklega um líf Minervu Mirabal, einnar af Mirabal systuranna. Mirabal systurnar "Las Hermanas Mirabal" sem voru þekktar andófsmanneskjur í Dóminíska lýðveldinu um miðbik síðustu aldar þar sem einræðisstjórn Rafael Leónidas Trujillo Molina var við völd og beitti pólitíska andstæðinga og aðra ofbeldi. Mirabal systurnar gengu á sjötta áratugnum til liðs við andspyrnuhreyfingarnar gegn stjórn Trujillos og mynduðu eigin hóp. Leynihreyfingin eða hópurinn sem þær voru hluti af, var kölluð "Movimiento 14 de Junio eða Hreyfingin

14. júní. Innan þessarar stofnunar voru þær þekktar sem Las Mariposas eða fiðrildin þar sem enginn var kallaður sínu rétta nafni til af tryggja sér persónulegt öryggi.

## Alþjóðlegur dagur gegn kynbundnu ofbeldi

Þær tóku þátt í áróðri. Meðal annars með útgáfu dreifrita um fórnarlömb Trujillos og söfnuðu einnig hráefnum í vopn og sprengiefni. Systurnar voru oft handteknar fyrir aðgerðir sínar en tóku baráttu sína upp eftir að þeim var sleppt úr haldi. Þann 25. nóvember 1960 voru þrjár þeirra myrtar af útsendum Trujillo stjórnarinnar. Það varð til þess þær urðu táknmynd hetjulegrar baráttu kvenna og fórnarlamba ofbeldis í heimalandinu. Árið 1999 ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að lýsa dauðadag þeirra 25. nóvember, alþjóðlegan baráttudag gegn kynbundnu ofbeldi þeim til heiðurs. Magdalena segir að þótt hún sæki í þessa sögu heimalands síns þá eigi baráttu á borð við þá sem Mirabal systurnar unnu að erindi til allra. Átök séu víða um lönd og hugmyndir og tilhneigingar um einræði séu alltaf að koma frama. Einræði eigi ekkert skylt við mannréttindi. Heiti bókarinnar Á milli Minerval Mirabal og mín og þín segir flest sem segja þarf um efni hennar og sögu sem sífellt er að endurtaka sig með einhverjum hætti á hinum ýmsu stöðum. Magdalena kvaðst segja þessa sögu í tengslum við sína eigin sögu og kanna hvað hún og nútíminn eigi sameiginlegt með þeim. Þarna er á ferðinni forvitnilega nálgun. Bók Magdalena var kynnt í Gerðubergi 17. þessa mánaðar. Bókin kemur út á spænsku en Magdalena kveðst vonast til að hún geti einnig komið út á íslensku. Sagan eigi erindi langt út fyrir hinn spænskumælandi heim. Það ofbeldi sem Mirabal systurnar urðu fyrir eigi sér stað út um allt. Í mörgum heimshornum. Því sé nauðsynlegt að halda henni á lofti. Magdalena er baráttukona. Hún er með rás á YouTube síðu og á Instagram. Þar vinnur hún að því að varpa ljósi á þá vinnu sem spænskumælandi búsettir á Íslandi vinna. Nafnið sem hún notar á samfélagsmiðlum er Magdalena Mejía P eða @magdalenamejiap



Magdalena Mejia með nýju bókina sína sem komin er út á spænsku en hún vonast til að sagan geti einnig komið út á íslensku.

REYKJAVÍKURBORG KYNNIR

# HETJAN ÚR HVERFINU

VERÐUR ÞÚ HETJAN Í ÞÍNU HVERFI?

HUGMYNDASÖFNUN ER  
HAFIN Á HVERFIDMITT.IS

## Góð mæting í félagsmiðstöðvarnar



Góð mæting eftir opnun síðsumars.

Félagsmiðstöðvarnar Bakkinn, Hólmasel og 111 opnuðu aftur 23. ágúst. Mætingin er búin að vera mjög góð í alla staði og mikil ánægja með að félagsmiðstöðvastafríð sé farið aftur af stað.

Opíð er fimm til sex sinnum í viku fyrir 8. til 10. bekk og tvisvar í viku fyrir 5. til 7. bekk. Nánari upplýsingar um opnunartíma og dagskrá má finna á heimasíðunni: [midberg.is](http://midberg.is) Hlökkum til að sjá sem flest í vetur.

## Börn í skapandi leik í Bakkaseli

Nú þegar nokkrar vikur eru liðnar af nýju skólaári er lífið á frístundaheimilum Miðbergs óðum að komast í fastar skorður. Þó eru enn börn á biðlistum víða og hægt gengur að ráða í lausar stöður.

Veðurbliðan að undanförunu hefur komið sér vel og börnin eru jafnvel heilan dag í útveru, í alls konar leikjum og verkefnum. Meðfylgjandi myndir, sem teknar voru á frístundaheimilinu Bakkaseli, sýna börn í skapandi leik, þar sem þau nýta pappu og annað efni sem fellur til, sem byggingarefni í hús, kastala og hvað sem þeim dettur í hug.



Líf, starf og fjör í Miðbergi.

# Margt nýtt á döfinni í Fella- og Hólakirkju

Breytingar verða á starfi Fella- og Hólakirkju með komandi vetri. Fyrst má telja að prestaköllin í Fella- og Hólakirkju og Breiðholtskirkju hafa verið sameinuð í eitt prestakall sem nefnist Breiðholtsprestakall. Það merkir að í vetur verður aukið samstarf á milli kirknanna sem á eftir að skila sér í öflugu starfi í báðum kirkjum. Séra Jón Ómar Gunnarsson hefur starfað sem prestur í Fella- og Hólakirkju í nokkur ár og séra Pétur Ragnhildarson tók við prestsstarfi þar á síðasta ári. Magnús Björnsson prestur Breiðholtskirkju mun láta af störfum fyrir aldurs sakir síðar á þessu ári og gert er ráð fyrir að tveir prestar starfi í hinu nýja sameinaða prestakalli. Nú eru nýir herrar og eðlilegt að þeim fylgi einhverjar nýjungar. Jón Ómar og Pétur settust niður með Breiðholtsblaðinu á dögnum til að kynna hvað verður á döfinni í vetur.

Séra Guðmundur Karl lét af störfum fyrir á þessu ári eftir 35 ára prestskap við kirkjuna og séra Svavar Stefánsson nokkru fyrir. Jón Ómar kom til starfa þegar Svavar hætti og Pétur hefur verið kirkjunni innan handar um tíma einkum við barna og ungmennastarf þar til hann tók við prestskap. Segja má að hann sé uppalinn í Fella- og Hólakirkju því móðir hans Ragnhildur Ásgeirsdóttir sinnti starfi djákna við kirkjuna um árabil.

### Messað klukkan fimm

Eitt af því sem safnaðarfólk og kirkjugestir munu fljótt verða varir við er breytt messuform. Um róttæka nýjung er að ræða sem er að færa messutímann á sunnudögum til kl. 17.00 - kl. fimm í eftirmiðdag á sunnudögum. Þetta er eftirtektarverð breyting á messutíma innan kirkjunnar sem hefur verið nokkuð fastheldin á að messur á sunnudögum séu haldnar fyrir hádegi. Með þessu er þó ekki verið að hverfa frá hinum gamla og gróna messutíma að fullu vegna þess að fimm messurnar verða haldnar í Fella- og Hólakirkju en áfram verður messað í Breiðholtskirkju á hefðbundna tímanum kl. 11.00 fyrir hádegi. Þeir Jón Ómar og Pétur segja að messusókn í Breiðholtskirkju sé



Pétur Ragnhildarson og Jón Ómar Gunnarson prestar í Fella- og Hólakirkju. Þeir segja kirkjuna eiga mörg tækifæri. Hún verði að laga sig að tíð og tíma eins og sjá megi af þeim nýjungum sem nú eru að fara af stað.

góð og að hópurinn sem mæti þar sé samheldinn og trúfastur. Þeir hyggjast skiptast á að messa í efra og neðra og þjóna þannig báðum söfnuðum.

### Málsverður eftir messu kl. 17

Önnur athyglisverð nýbreytni er að boðið verður upp á léttan málsverð í Fella- og Hólakirkju að lokinni messu á sunnudögum. Þá getur fólk sest niður, nært sig og spjallað saman. Rætt nýjustu tíðindi af landi og umheimi og bara um lífið og tilveruna eða daginn og veginn eins og það var stundum kallað hér áður fyrir. Þeir segja að ekki sé verið ráðast gegn hinni hefðbundnu sunnudagsmáltíð á heimilum enda ýmsar samfélagsbreytingar að baki í þeim efnunum. Lambalærið sé oft á borðum á öðrum tímum hafi það ekki vikið fyrir annarri matargerð. Þeir Jón Ómar og Pétur segjast vona að fólk kunnist að meta þessa nýjung og notfæri sér hana. Þarna geti skapast skemmtilegt samfélag á meðal kirkjugesta.

### Ná betur til safnaðarfólks

Þeir segjast vilja ná betur til safnaðarfólks. Í covid hafi margir misst tengslin við kirkjuna sína. Í Breiðholtskirkju og Fella- og Hólakirkju hefur verið öflugt og

lifandi safnaðarstarf í gegnum árin sem verður byggt á. Reglulegar samverur fyrir alla aldurshópa eru í kirkjunum tveimur og öflugt fermingarstarf. Samverur eldri borgara eru á þriðjudögum í Fella- og Hólakirkju og á miðvikudögum í Breiðholtskirkju. Foreldramorgnar eru í Breiðholtskirkju á fimmtudögum og Fella- og Hólakirkju á föstudögum. Barnastarf er fyrir 6 til 12 ára í Breiðholtskirkju á miðvikudögum og unglíngastarfi á fimmtudögum. Barna- og unglíngastarf er í Fella- og Hólakirkju á fimmtudögum. Hægt er að kynna sér starfið betur á heimasíðum kirknanna.

### Fara með faðirvorið á sínu tungumáli

Þeir segja að messutími og matarvenjur séu þó alls ekki það eini sem sé að taka breytingum. Breiðholtsbyggðin sé að breytast og þá ekki síst sú efri. Margt fólk hafi flust í Breiðholt frá öðrum löndum og menningarsvæðum. Börnum af erlendum uppruna fjölgi stöðugt. Það sé skylda kirkjunnar að styðja nýtt fólk til búsetu burtséð frá hvaða kirkjudeildum eða trúarsamfélögum það komi. Af þessum sökum fækki fermingarbörnum en þó sé talsvert um að börn sem komu úr öðrum trúarsamfélögum láti fermast. Þeir segjast hafa veitt því athygli að fólk af erlendum uppruna sem komi í messur eða kirkjulegar athafnir fari oft með faðirvorið „pater noster“ hvert á sínu tungumáli sem minnir okkur á að kristin trú er alþjóðleg og að við eigum trússystemi um allan heim.

### Kirkjan á mörg tækifæri

Þeir Jón Ómar og Pétur segja að fermingarfræðslan hafi einnig breyst þrátt fyrir að innihaldið standi alltaf fyrir sínu. Líf og starf Jesú sé eftir sem áður kjarninn í fermingarfræðslunni en nágunin hafi breyst auk þess sem brotið hafi verið upp á ýmsum nýjungum. Við höfum staðið fyrir spurningakeppnum í tímum, verið með samverur á laugardögum og börnin hafa farið í tveggja náttu ferð í Vatnaskóg sem hefur mælst vel fyrir. Jón Ómar og Pétur segjast hafa orðið varir við vaxandi áhuga á unglíngastarfinu og þar hafi verið uppgangur að undanförunu og ungt fólk úr unglíngastarfinu sé nú komið í sóknarnefndina. Þeir segja kirkjuna eiga mörg tækifæri. Hún verði að laga sig að tíð og tíma eins og sjá megi af þeim nýjungum sem nú eru að fara af stað. Þeir hlakka til að taka á móti Breiðhylltingum í vetur í kirkjunum sínum, Breiðholtskirkju og Fella- og Hólakirkju.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

[www.utforin.is](http://www.utforin.is) • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



[www.bilhusid.is](http://www.bilhusid.is)

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Kæri viðskiptavinur



Við höfum sameinað  
verslanir okkar á einum  
stað í **bláu húsunum**  
**við Faxafen**



Suðurlandsbraut 50  
Bláu húsin við Faxafen

568 1800  
gleraugad.is

 **Gleraugað**

Viðhaldsframkvæmdir í fjölbýlishúsum:

## Lykillinn að vel heppnuðum framkvæmdum er góður undirbúningur



Pórhallur Sveinsson, þjónustufulltrúi hjá Eignaumsjón.

„Lykillinn að vel heppnuðum viðhaldsframkvæmdum er góður undirbúningur hússtjórnar; bæði varðandi úttekt á ástandi húseignarinnar, með vali á verkataka, gerð verksamninga og með öflugum eftirliti á framkvæmdatímanum,“ segir Pórhallur Sveinsson, þjónustufulltrúi hjá Eignaumsjón. Hann segir að haustið sé rétti tíminn fyrir stjórnir húsfélaga að byrja að huga að framkvæmdum næsta árs.

„Viðhaldsþörf húseigna byrjar að tikka strax og byggingu þeirra er lokið og því bendum við gjarnan þeim húsfélögum sem eru í þjónustu hjá okkur á að huga fyrir en seinna að viðhaldsframkvæmdum og safna í viðhalds- og framkvæmdasjóð til að lækka innheimtur á eigendur, þegar til framkvæmda kemur,“ segir Pórhallur. Hann bætir við að það sé góð „þumalputtaregla“ fyrir stjórnir húsfélaga að yfirfara húseignina a.m.k. einu sinni á ári og framkvæma strax viðgerðir ef með þarf.

„Það á t.d. við um leka og annað það sem skemmur hratt út frá sér. Þá þarf stjórn húsfélagsins að bregðast strax við og útvega verkataka sem getur annast viðgerð hratt og vel. Að sjálfsögðu aðstoðum við félög sem eru hjá okkur í þeim efnum.“

Mikilvægt að standa rétt að ákvarðanatöku.

### Samráð eigenda

Undirbúningur og ákvarðanir um stærri viðhaldsframkvæmdir hjá húsfélögum taka alla jafnan nokkurn tíma. Stjórnir húsfélaga og eigendur þurfa bæði að veita og meta viðhaldsþörf, forgangsröðun og eigin fjárhagsgetu. Í því ferli er samráð eigenda á löglega boðuðum húsfundum, þar sem rétt er staðið að ákvarðanatöku, lykillinn að farsælli niðurstöðu.

### Tilboð kynnt á þriðja húsfundi

„Við ráðleggjum stjórnnum húsfélaga sem stefna á umfangsmeiri viðhaldsframkvæmdir að gæta þess að boða til löglegs fundar með eigendum þar sem ástand eignar og viðhald næstu ára er fundarefnið. Fyrsta skrefið er að veita stjórn heimild til að ráða fagaðila til að gera ástandsskýrslu ásamt kostnaðarmati vegna viðgerða. Þær niðurstöður þarf síðan að kynna eigendum á öðrum húsfundi og taka þar ákvörðun um forgang viðhaldsverkefna og veita stjórn heimild til að afla tilboða í verkið. Tilboðin sem berast eru svo kynnt á þriðja húsfundinum, með sundurliðun á aðgerðum og kostnaði. Næst er svo að taka ákvörðun, annað hvort á sama húsfundi eða sérstökum fundi, um hvaða tilboði skuli taka og semja í framhaldinu við verktakann sem á tilboðið sem tekið er, sem og um eftirlit með framkvæmdunum.“

### Leggjum húsfélögum lið

Tímabært að byrja að undirbúa viðhaldsframkvæmdir næsta sumars. Pórhallur áréttar jafnframt að oftar en ekki þurfi að halda þó nokkra húsfundi, áður en endanleg niðurstaða og ákvörðun liggur fyrir og því sé tímabært að byrja undirbúningsvinnuna núna, ef stefnt er að framkvæmdum næsta sumars. Þá megi ekki gleyma því að ef húsfélögin vilji tryggja sér verkataka á þeim tíma sem húsfélaginu hentar, þarf að leita tilboða tímanlega.

„Við leggjum að sjálfsögðu húsfélögum sem eru í þjónustu hjá okkur lið í þessu ferli, bæði við boðun funda, undirbúning viðhaldsframkvæmda og öflun tilboða frá fagaðilum í ástandsmat vegna slíkra framkvæmda, til að tryggja að rétt sé staðið að öllu ákvarðanatökuferlinu,“ bætir Pórhallur við og áréttar líka að ný húsfélög séu velkomin í þjónustu til Eignaumsjónar.

# Seljurnar eru að hefja vetrarstarf

- skemmtileg samvera sem ekki er hægt að hætta

Seljurnar kvennakórinn í Seljahverfi er að hefja vetrarstarf. Æfingar eru að hefjast í Seljakirkju. Konurnar eru á aldrinum 35 til 75 ára. Léttur og skemmtilegur félagsskapur eins og Svava Kristín Ingólfssdóttir stjórnandi kórsins komst að orði.

Svava Kristín segir að hópurinn standi saman af hressum og kraftmiklum konum á aldrinum 35 til 65 ára sem eigi það sameiginlegt að hafa gaman af að syngja. Konurnar geri fleira en að hittast á kóræfingum og syngja saman hvort sem er á söngskemmtunum eða við önnur tækifæri. „Við skreppum stundum í ferðalög. Ekki mjög löng svona aðeins til að lyfta okkur upp. Hótel Örk í Hveragerði hefur verið vinsæll áfangastaður hjá okkur. Hann er mátulega langt frá Reykjavík og þar er góð aðstaða að öllu leyti. Við lítum á að við séum að fara í æfingabúðir.“



Seljurnar ásamt Svövu Kristínu Ingólfssdóttur sem er fyrir miðri mynd.

### Alltaf hægt að bæta nýjum við

Svava Kristín segir að þótt fjöldi kennanna í kórnum hafi lítið breyst sé alltaf tækifæri til þess að taka á móti nýjum félögum og bætir við að gaman væri að sjá nú andlit koma á æfingar. Þótt kórinn hafi orðið til í Breiðholti og hafi sterka tengingu við Seljakirkju er búseta í hverfinu engin skilyrði fyrir þátttöku. Margar kvennanna í kórnum eru búsettar í Breiðholti en aðrar koma víðar að.

### Syngja með Karlakór Hveragerðis

Svava Kristín segir að nú verði farið að æfa vor prógrammið og

einnig jólatónleika. Ætlunin sé að halda þá á adventukvöldi í Seljakirkju ásamt Karlakór Hveragerðis. Tilbreyting sé að blanda karlaröddum við sönginn. Seljurnar eigi líka góð tengsl við Hveragerði þar sem æfingabúðir hafi verið haldnar í bæjarfélaginu. Svava Kristín segist vonast að kórstarfið muni eflast eftir að covid tímabilið hafi sett nokkurt strík í reikninginn eins og víða annars staðar. Æfingartími sé á miðvikudögum í Seljakirkju á milli kl. 6.30 og 8.30. Æfingartíminn hafi verið fram fram til þess að hann nái ekki eins langt fram á kvöldið. En hvað þurfa konur að kunna til þess að koma í kórinn.

### Ekki nauðsynlegt að lesa nótur

Svava Kristín segir ekki nauðsynlegt að kunna að lesa nótur. Áhugi á söng sé aðalatriði og að hafa gaman af félagsskapnum. Raddþjálfun fari síðan fram á kóræfingum. Svava Kristín tekur fram að ekki um neina fjáröflun að ræða í kórstarfinu. Ekki sé verið að baka eða selja rækjur eða neitt þess háttar. „Þetta lifir bara á ánægjunni. Eru hin skemmtilegust konukvöld og það er ekki hægt að hætta,“ segir Svava Kristín.

# Sjálfstæðismenn endurvekja félagsstarf í Breiðholti

Gamall félagsskapur er að vakna til lífs á nýjan leik í Breiðholti. Er það félagsstarf sjálfstæðismanna í hverfinu. Lítil starfsemi hefur verið á meðal félaganna að undanförun en nú segja áhugasamir menn að tími sé kominn til þess að endurvekja það. Huga betur að félagsstarfi og bara að hittast og spjalla saman.

Á meðal þeirra sem eru að taka að sér endurreisn félagsstarfsemi eru Helgi Áss Grétarsson lögmaður, stórmeistari í skák og varaborgarfulltrúi og Jón Kristinn Snæholm stjórn málafræðingur. Hann var á sínum tíma aðstoðarmaður Vilhjálms Þ. Vilhjálms-sonar þegar hann var borgarstjóri en hefur einnig starfað erlendis. Þeir hafa ákveðið að efna til spjallfunda í félagsheimili flokksins í Álfabakka 14a á þriðju hæð í Mjóddinni. „Við ætlum að hittast á tveggja vikna fresti alla vega til að byrja með,“ sagði Jón Kristinn í spjalli við Breiðholtsblaðið. Þeir Jón Kristinn og Helgi segja lítið félagsstarf hafa háð sjálfstæðismönnum og tilfinning fyrir hverfinu



Félagsmiðstöð Sjálfstæðismanna er í Álfabakka 14 á þriðju hæð. Þar verða spjallfundirnir í vetur.

sé af skornum skammti. „Við ætlum okkur þó ekki að einskorða spjallið við málefni Breiðholtsins þótt þau muni koma við sögu. Allt mögulegt mun verða til umræðu, þjóðmál og alþjóðamál ef því verði að skipta en einkum er þó ætlunin

að koma saman, fá sér kaffi og eiga góða stund og efla með því félagsandann,“ segir Jón Kristinn. „Við viljum bjóða alla áhugasama um Breiðholti og aðra velkomna.“



Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

# Fiðrilda- verkefni

Verkgreinakennarar buðu upp á þátttökuverk í galleríinu Listafelli í Fellaskóla á viðtalsdegi í haust.

Nemendum og fjölskyldum þeirra var boðið að koma í heimsókn og taka þátt í fiðrildaverkefni þar sem hver og einn setti fiðrildalímmiða á vegginn eftir eigin höfði. Galleríinu var breytt í upplifunarrými með frumskógarhljóðum, lykt og ljósum. Í lok dags hafði myndast stór og mikill fiðrildagarður. Rýmið verður svo notað næstu vikurnar sem slökunarherbergi til lesturs.



Fiðrildi sett á vegg.




Myndir á veggjum og fiðrildi á borðum.

## Hugum að trjágróðri við lóðarmörk

Trjágróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur skapað óþægindi fyrir vegfarendur. Umferðarmerki eiga að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Gæta þarf að lágmarkshæð trjágróðurs þar sem vélsópar, snjóruðningstæki og sorphirðubílar þurfa að fara um.

**Hugsum út fyrir garðinn svo leiðin sé greið allt árið!**



Nánari upplýsingar á [reykjavik.is/trjagrodur](http://reykjavik.is/trjagrodur)



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

## KARLAKAFFI

Í FELLA- OG HÓLAKIRKJU

FÖSTUDAGINN 30. SEPT  
KL. 10:00  
GESTUR: BOGI ÁGÚSTSSON

## Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtakerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

[thjonusta@eignaumsjon.is](mailto:thjonusta@eignaumsjon.is) | [eignaumsjon.is](http://eignaumsjon.is)

## HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Íþróttir og frístundir í Breiðholti

## Viðtækt kynningarstarf og fjölbreytileiki

Verkefnið frístundir í Breiðholti er á sínu þriðja ári og kynningarstarfið hefur verið stór þáttur í að auka á þátttöku barna og unglunga. Eins og áður hefur komið fram í greinaskrifum okkar snýst kynningarstarfið að því að koma upplýsingum sem víðast og til þess þarf mjög fjölbreyttar aðgerðir til að ná til barna en ekki síður foreldra.

Á hverju hausti sendum við upplýsingar til foreldra í gegnum tölvupósta og fleiri leiða, hittum kennara til að fara yfir þeirra hlutverk þ.e. að finna óvirka einstaklinga, göngum í bekk til að ræða við börnin og svo erum við núna að bæta við að hitta foreldra sem víðast. Þ.e. við förum á kynningarfundum í skólunum, bjóðum aðstoð þegar foreldraviðtölun eru í skólunum og við vorum með sérstakan skráningar og kynningardag í Mjóddinni 2. september.

## Aukin fjölbreytileiki íþróttar og frístunda

Eftir samtöl okkar á síðasta vetri, við börnin, foreldra, kennara og aðra innan hverfisins, komu fram ýmsar ábendingar um að auka þurfi á fjölbreytileika íþróttar og frístunda í hverfinu. Við höfum síðan þá unnið að auknum fjölbreytileika til að mæta þeirri þörf. Til að geta það þarf aðstoðu og hefur rekstri Austurbergs verið breytt til að rýmka til fyrir slíkri starfsemi, auk annarra úrræða.

Nýjungar sem fara af stað í vetur:

- Körfuknattleiksfélagið Aþena (í samstarfi við Leikni) mun bjóða upp æfingar í Austurbergi, fyrir börn, unglunga og fullorðna.
- ÍR mun bjóða aukið framboð körfuknattleiks- og handboltaæfinga fyrir yngstu iðkendur í nýju húsnæði í Mjódd og í Seljaskóla.
- Aukið framboð blakæfinga í Austurbergi og Fellaskóla.
- Bandyæfingar verða í Austurbergi fyrir 10-12 ára, annars vegar og 13-16, hins vegar. Síðan verða æfingar fyrir fullorðna í Fellaskóla.
- Badminton æfingar verða á vegum Leiknis í Fellaskóla.
- Íþróttahópur fyrir unglunga, sem ekki vilja keppa, verða þrisvar í viku og verður auglýst síðar.
- Gym-hópar verða í boði fyrir unglunga (var reyndar einnig síðasta vetur) og verður starfið aukið í samstarfi við unglingadeildir grunnskólanna þennan veturinn.
- Nokkrir sjálfspottnir hópar af börnum og fullorðnum með erlendan bakgrunn hafa fengið tíma til íþróttaiðkunar.

Auk þessa verður í boði myndlistar- og eða tölvuhönnunarnámskeið í samstarfi Myndlistarskóla Reykjavíkur við grunnskólanna til að mæta óskum barna og unglunga og sjáum við fram á stóruka þátttöku á þessu sviði með aðstoðu í skólunum.

Það er sannfæring okkar sem vinnum að verkefninu að fjölbreyttar aðgerðir skipta sköpum þegar kemur að því að auka á þátttöku. Að því sögðu hafa Sendiherra í Breiðholti, sem við höfum kynnt hér í blaðinu nokkrum sinnum, skipt sköpum til að mæta þessum þörfum. Auk þess hafa samtölin við börnin í skólunum verið afar dýrmæt til að fá hugmyndir að nýju starfi, en einnig til að aðstoða með skrá einstaklinga í það sem hver og einn þarf.

Að lokum viljum við hvetja alla til að vera í sambandi við okkur með óskir og hugmyndir að nýju starfi en einnig ef aðstoðar er þörf.

Jóhannes Guðlaugsson.

Frístundatengill Suðurmíðstöðvar.



Jóhannes Guðlaugsson.



## Æfingatöflur fótoltans klárar!

Nú er æfingataflan fyrir vetrarstarfið knattspyrnuna í Leikni klár og æfingar eru byrjaðar.

Allir eru velkomnir að mæta á æfingu og prófa :)

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Leiknis fyrir frekari upplýsingar um starfið á leiknir@leiknir.com

Æfingatafla Leiknir 2022-2023 Knattspyrna							
Flokkur	Fæðingarár	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2. fl. kk	2004-2006	18.30-20.00 LV	18.30-20.00 LV	19.45-21.30 KM		18.30-20.00 LV	11.00-12.30 LV
3. fl. kk	2007-2008	16.15-17.30 LV	16.15-17.30 LV	18.30-20.00 KM		16.15-17.30 LV	10.00-11.15 LV
4. fl. kk	2009-2010	16.15-17.30 LV	16.00-17.15 LV		16.15-17.30 KM		10.00-11.15 LV
5. fl. kk	2011-2012		17.15-18.30 LV	17.00 LV		15.00-16.30 LV	11.00-12.15 LV
6. fl. kk	2013-2014	15.00-16.00 LV	15.00-16.00 LV	18.00-19.00 FS		15.00-16.00 LV	
7. fl. kk	2015-2016	17.00-18.00 FS		17.00-18.00 FS	16.00-17.00 LV		
Þsk. 8. fl. kl.	2017-2020		16.30-17.30 KM				10.00-11.00 FS
8. fl. kvk	2013-2014		16.00-17.00 LV			16.00-17.00 FS	11.00-12.00 FS
7. fl. kvk	2015-2016		16.00-17.00 LV			16.00-17.00 FS	11.00-12.00 FS
ATHUGIÐ: AÐ TÍMAR OG STAÐSETNINGAR GETA BREYST. ÞJÁLFAVAR LÁTA VITA EF Breyting er á tímum EF EKKI NÆST NÆGJANLEG ÞÁTTAKA Í FLOKKA ÞÁ GETA ÞÆR ÆFINGAR FALLIÐ NIÐUR							
Staður		FS-Fellaskóli		LV-Leiknisvöllur		KM-Knattis Mjóddin	

## Blakæfingar í Leikni!

Æfingatafla fyrir blakæfingar hjá Leikni er komin út - Allir krakkar velkomnir að koma og prufa!

Blak verður æft í vetur í Íþróttahúsi Fellaskóla og Íþróttahúsinu Austurbergi! Volleyball practices at Leiknir are according to the following schedule.

All children welcome to come and try!

Æfingatafla Leiknir 2022-2023 Blak							
Flokkur	Fæðingarár	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
6-10 ára	2012-2014		15.20-17.00 FS		15.20-17.00 FS		
11-13 ára	2011-2009		15.20-17.00 FS		15.20-17.00 FS		
Meist.fl.	2008-	21.00-22.30 AB	21.00-22.30 AB		19.30-22.30 AB	19.30-22.30 AB	
ATHUGIÐ: AÐ TÍMAR OG STAÐSETNINGAR GETA BREYST. ÞJÁLFAVAR LÁTA VITA EF Breyting er á tímum. EF EKKI NÆST NÆGJANLEG ÞÁTTAKA Í FLOKKA ÞÁ GETA ÆFINGAR FALLIÐ NIÐUR							
		FS - Fellaskóli		AB - Íþróttahúsi Austurbergi			

## ÚTIVISTAR-REGLURNAR\*

\*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

## Á skólatíma

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20


13 – 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22



GETRAUNANÚMÉR  
LEIKNIS ER 109



GETRAUNIR.IS



SAMAN

www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

# Nýtt íþróttahús ÍR vígt

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vígði nýtt og stórglæsilegt íþróttahús ÍR við Skógarsel. athöfnin fór fram 27. ágúst. Parkethöllin svokallaða mun í framtíðinni þjóna sem heimavöllur bæði handknattleiks- og körfuknattleiksdeilda félagsins.

Árið hefur svo sannarlega verið viðburðaríkt hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur en í maí var Frjáls-íþróttavöllurinn vígður og í byrjun ágúst tók Reykjavíkurborg aftur við rekstri íþróttahússins í Austurbergi, sem verið hefur heimavöllur handknattleiksdeilda ÍR. Nýja parkethúsið er enn einn steinn í vörðu ÍR-inga og fögnuðu íbúar hverfisins og aðrir góðir gestir áfanganum á ÍR-deginum sem fram fór í dag. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson, sóknarprestur í Seljakirkju, blessaði nýju húsakynninn og nutu gestir samveru og veitinga á meðan þeir kynntu sér svæðið og starfsemi félagsins.

Nýja húsið er á tveimur hæðum og er alls yfir 4200 fermetrar. Þar af er íþróttasalurinn um 2400 fermetrar og þar verður hægt að iðka ýmsar íþróttir, bæði æfingar og keppni, en miðað er við að kröfum til keppni í handbolta og körfubolta verði mætt. Mun húsið rúma um 900 áhorfendur.



Ómar Einarsson sviðsstjóri íþrótt- og tólmundsviðs Reykjavíkurborgar, Vigfús Þorsteinsson formaður ÍR, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Ingigerður Guðmundsdóttir fyrrverandi formaður ÍR og Runólfur Sveinsson.

## Bronsleikar 8. október

Bronsleikar ÍR verða að þessu sinni haldnir 8. október og fögnum við því að geta haldið leikana án þáttökutakmarkana. Að venju verður boðið upp á fjölþraut fyrir 9 ára og yngri og fjórþraut fyrir 10 til 11 ára. Opið er fyrir skráningu í gegnum [thor.fri.is](http://thor.fri.is) og þar má einnig sjá tímaseðil mótsins.

Bronsleikar ÍR eru haldnir að hausti ár hvert. Leikarnir eru til heiðurs Völu Flosadóttur sem vann til bronsverðlauna í stangarstökki á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. Á Bronsleikum er keppt í Fjölþraut barna sem samanstendur af þrautum sem reyna á styrk, snerpu, úthald og samhæfingu. Þrautirnar eru þróaðar sérstaklega fyrir þann aldur sem þær eru lagðar fyrir svo allir ættu að fá skemmtileg viðfangsefni við hæfi.

Leikarnir árið 2022 verða haldnir í Laugardalshöll

8. október og hefst keppnin klukkan 9:00. Öllum keppendum verður raðað í hópa sem byggðir eru á félögum sem þeir koma frá en einnig verða settir saman hópar úr smærri félögum og einstaklingum. Þann 6. október verða upplýsingar verða sendar á foreldra og/eða þjálfara liðsins sem skráir keppendurna. Þar verða upplýsingar um mætingu, rástíma og hvenær keppni lýkur hjá hverjum hópi. Hver keppnishópur má hafa 3 liðsstjóra með sér og hvetjum við félögin til að skipuleggja það vel.



HEIMASÍÐA ÍR  
[www.ir.is](http://www.ir.is)

**GETRAUNANÚMÉR ÍR**

**109**

**1X2**  
GETRAUNIR.IS

ALLTAF FULLT BORD  
AF FERSKUM FISKI  
OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Joserabúðin  
Ögurhvarfi 2  
[joserabudin.is](http://joserabudin.is)

Josera  
Þrátt af smáttu



Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!

**SmíðaVík**  
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,  
bæta þéttingu glugga og hurða,  
lagfæra glugga og hurðir  
eða skipta því út fyrir nýju  
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

[smidavik@smidavik.is](mailto:smidavik@smidavik.is)  
sími 898-0503  
Guðlaugur



# HÓP



## STARFSMANNA DJAMM

KEILA, MATUR, DRYKKUR OG ALLTAF GOTT VEÐUR  
**HÓPEFLIÐ HEFST OG ENDAR Á EINUM  
OG SAMA STAÐNUM**

Hvar er betra að þjappa  
hópnum saman en í góðu veðri  
innandyra hjá okkur þar sem  
allt er á einum stað.

HAPPY HOUR á barnum og  
RÚTA Í BÆINN alla föstudaga  
og laugardaga.

### OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM

FÁÐU TILBOÐ FRÁ OKKUR FYRIR ÞINN HÓP Á  
[KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS](mailto:KEILUHOLLIN@KEILUHOLLIN.IS)

# KÉILA PÍLUKAST KARRAOKE

# GAESANIR / STEGGJANIR AFMÆLI

s. 5 11 53 00

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

[keiluhollin.is](http://keiluhollin.is)

